

## AUGLÝSING

### **frá ríkisskattstjóra nr. 6/2002 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2001.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2001.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 2. apríl 2002.

*Reykjavík, 23. janúar 2002.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson.**